



Viðbrögð við kórónaveirunni **Þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimili**

Starfsmenn þjónustuíbúða velferðarsviðs skulu tryggja tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga.

Heimsóknir

Heimsóknir eru ekki heimilar í Seljahlíð þar sem einnig eru hjúkrunarrými. Í þjónustuíbúðunum á Dalbraut, í Furugerði, við Lindargötu, Lönguhlíð og Norðurbrún skulu aðstandendur gæta fyllstu varúðar, draga úr heimsóknum og vera heldur í símasambandi við íbúa. Gestir skulu dvelja í íbúðum íbúa á meðan á heimsóknum stendur, ekki í sameiginlegum rýmum.

Þeir sem eru með kvef eða flensulík einkenni eða hafa nýlega ferðast til skilgreindra áhættusvæða (sjá lista á www.landlaeknir.is) eiga alls ekki koma í heimsókn til íbúa.

Matsalur

Ef matast er í matsal, skal aðeins nokkrum íbúum hleypt inn í einu. Þá skal íbúum vísað til sætis þannig að öruggt sé að tveir metrar séu á milli þeirra. Taka skal mið af stærð borða, en yfirleitt sitji ekki fleiri en einn við borð, nema þegar um sambúðarfólk er að ræða eða borð eru sérstaklega stór. Íbúum skal færður maturinn inn í íbúðirnar, telji starfsfólk það heppilegra.

Salerni

Íbúar skulu nota salerni í íbúðum sínum en ekki salerni í sameiginlegum rýmum.

Stigagangar og lyftur

Aðeins einn skal vera í lyftu í einu, nema um sambúðarfólk sé að ræða.

Tryggja skal að alltaf séu tveir metrar á milli einstaklinga. Það felur í sér að fólk þarf jafnvel að bíða, t.d. á pöllum, þar til stigagangur er auður.

Hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofur

Starfsfólks á hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofum skal bóka þannig að a.m.k. 15 mínútur líði frá því að viðskiptavinur fer út, þar til sá næsti kemur inn. Þrífa skal vel alla sameiginlega snertifleti, á milli tíma. Sé hægt að koma því við, skal láta viðskiptavini koma inn um sérdyr, í stað þess að ganga í gegnum sameiginlegt rými.

Þessar aðgerðir eru mörgum erfiðar en við viljum allt til vinna til að vernda íbúa þessa húss. Til að létta stundirnar minnum við á að sjónvarpið hefur aukið verulega sína dagskrá og alltaf er hægt að hringja á vaktina í hverri byggð.